

26. nóvember 2004

Nefndasvið Alþingis  
Samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um veggjald í Hvalfjarðargöng

Ágæta Samgöngunefnd

Leitað var til Norðuráls ehf. varðandi umsögn um tillögu til þingsályktunar um veggjald í Hvalfjarðargöng.

Norðurál telur samþykkt hennar geta verið framfaraskref fyrir þróun atvinnulífs og byggðar á Vesturlandi.

Bent er á eftirfarandi atriði þessu til stuðnings:

Fyrirtæki norðan Hvalfjarðar, allt frá Akranesi vestur og norður um land allt að Egilsstöðum, bera öll nokkurn kostnað vegna veggjaldsins því það leggst á alla vöruflutninga til og frá höfuðborgarsvæðinu. Með afnámi strandsiglinga er nánast öll vara flutt á landi. Innflutningur er að mestu í gegnum Reykjavík og auk þess drjúgur hluti útflutnings sjávarafurða. Veggjaldið lendir á þessum fyrirtækjum og rýrir þar með samkeppnisstöðu þeirra og rekstrarskilyrði.

Fyrirtæki og einstaklingar norðan Hvalfjarðar þurfa að sækja ýmsa þjónustu, bæði einkafyrirtækja og á vegum hins opinbera til höfuðborgarsvæðisins. Hið opinbera hefur kosið að velja þjónustu sinni þar stað, til dæmis sérhæfðri þjónustu í heilbrigðismálum og stórs hluta menntunar á háskólastigi. Veggjaldið er þar með eins konar aðgangseyrir sem hluti íbúa og fyrirtækja landsins verða að greiða þegar þörf er á að nýta slíka þjónustu. Hátt veggjald takmarkar aðgang íbúa norðan Hvalfjarðar að menntun, menningu og heilbrigðisþjónustu og dregur að okkar mati á möguleikum og áhuga fyrirtækja á endurmenntun starfsmanna.

Fyrirtæki utan höfuðborgarsvæðisins þurfa í mismiklum mæli að sækja sérhæft starfsfólk til höfuðborgarsvæðisins. Þannig eru um 17% starfsmanna Norðuráls búsettir sunnan Hvalfjarðar. Veggjaldið eykur kostnað við akstur þessa fólks til og frá vinnu og dregur úr möguleikum þess til sveigjanlegs vinnutíma. Að öðru jöfnu dregur veggjaldið úr möguleikum fyrirtækja norðan Hvalfjarðar á að ráða til sín starfsmenn með fjölbreytta menntun og dregur samkvæmt okkar reynslu úr áhuga starfsmanna á að velja sér búsetu á Vesturlandi.

Þar sem notkun Hvalfjarðarganga skilar þrátt fyrir veggjald umtalsverðum ávinningi fyrir notendur í samanburði við akstur um Hvalfjörð, má ætla að það væri þjóðhagslega hagkvæmt að nýta þessa miklu fjárfestingu enn betur með því að lækka eða afnema veggjaldið.


Bent skal á að ofangreind sjónarmið eiga reyndar við um alla skattheimtu á samgöngur og tafir á eðlilegri uppbyggingu samgöngumannvirkja í landinu. Sértek skattheimta á samgöngur fólks, umfram skattheimtu á aðra neyslu, hefur letjandi áhrif á samgöngur og dregur úr samkeppnisfærni fyrirtækja utan höfuðborgarsvæðisins vegna hærri kostnaðar og minni sveigjanleika í öflun vinnuafls. Þá rýrir slík skattheimta lífsgæði íbúa utan höfuðborgarsvæðisins því hún dregur úr möguleikum þeirra til að nýta opinbera þjónustu sem og þjónustu einkafyrirtækja sem að mestu er á höfuðborgarsvæðinu. Mikil skattheimta dregur verulega úr tækifærum fólks í dreifbýli til að sækja atvinnu annað án þess að gera breytingar á búsetu og ýtir því undir flutninga fólks úr dreifbýli í þéttbýli. Einnig dregur hlutfallslega mikil skattheimta úr getu fólks og fyrirtækja til viðhalds og endurnýjunar samgöngutækja og þar með dregur úr umferðaröryggi þar sem nýrri farartæki eru að jafnaði mun betur búin öryggistækjum og mengunarvarnarbúnaði en þau sem eldri eru.

Ákveðið hefur verið að sameina nokkrar hafnir á Faxaflóasvæðinu og er horft til uppbyggingar Grundartangahafnar sem framtíðar stórskipahafnar fyrir höfuðborgarsvæðið. Að okkar mati verður svæðið seint eitt atvinnusvæði fyrr en veggjald hefur verið lagt af með öllu.

Lækkun skattheimtu á samgöngur, hvort sem um er að ræða veggjald eða aðra skatta, sem og eðlileg uppbygging samgöngumannvirkja sem styttir leiðir og eykur öryggi, eru til þess fallin að efla samkeppnisfærni fyrirtækja utan höfuðborgarsvæðisins og á sama tíma ákveðin leið til aðstöðu- og jafnvel tekjujöfnunar fyrir þá einstaklinga sem þar búa. Sértek skattheimta á íbúa tiltekinna landshluta dregur úr möguleikum fyrirtækja og einstaklinga á viðkomandi svæði til vaxtar og velfarnaðar.

Við erum því fylgjandi þessari ágætu tillögu

Virðingarfyllst  
f.h. Norðuráls ehf.



Ragnar Guðmundsson  
Framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs